



Reykjavík, 16. ágúst 2019
Fundargerð 183. fundar

Tilvísun: 1905064

Föstudaginn 16. ágúst 2019 var haldinn 183. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Haraldur Sverrisson. Ármanns Kr. Ólafsson boðaði forföll.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Sturla Jónsson, endurskoðandi SHS frá Grant Thornton, sat fundinn undir lið 1. Ingibjörg Óðinsdóttir mannauðsstjóri SHS sat fundinn undir lið 5.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. 6 mánaða uppgjör

Farið var yfir árshlutareikning samstæðu SHS fyrir janúar – júní 2019. Nýtt ráðningarbréf endurskoðanda lagt fram til undirritunar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Árshlutauppgjör SHS janúar-júní 2019, dags. 16. ágúst 2019.
- Könnunarskýrsla vegna 6 mánaða árhlutauppgjörs 2019, dags. 16. ágúst 2019.
- Ráðningarbréf Grant Thornton um endurskoðun, dags. 1. júlí 2019.

Afgreiðsla: Reikningurinn samþykktur og undirritaður. Ráðningarbréf endurskoðanda SHS samþykkt og undirritað.

2. Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Áætlun um fyrstu endurskoðun brunavarnaáætlunar SHS 2020 kynnt.

Afgreiðsla: Samþykkt að fyrsta endurskoðun á brunavarnaáætlun SHS liggja fyrir í júní 2020.

3. Tillögur um meginforsendur fimm ára fjárhagsáætlunar

Formaður lagði fram tillögu um meginforsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar; Undirbúningur, vinnsla og skil fjárhagsáætlunar 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024, dags 10. júlí 2019.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir meginforsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024.

4. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar

Slökkviliðsstjóri óskaði eftir því að stjórn legði til dagsetningu fyrir aðalfund SHS 2019.

Afgreiðsla: Frestað.

5. Könnun HR Monitor

Niðurstöður könnunar HR Monitor á starfsánægju starfsmanna SHS kynntar.

Afgreiðsla: Kynning. Stjórn óskar eftir minnisblaði um eftirfylgni í kjölfar niðurstöðu könnunarinnar.

6. Verðmat Jafnasel 1-3

Farið yfir verðmat á lóð og eignum við Jafnasel 1-3 sem fasteignasölurnar Bær og Miklaborg hafa framkvæmt fyrir SHS og Reykjavíkurborg.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fasteignasalan Bær; Verðmat á Jafnaseli 1-3, dags. 15. júní 2019.
- Fasteignasalan Miklaborg; Verðmat á Jafnaseli 1-3, dags. 2. mars 2019.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra falið að ganga til samninga, í samráði við varaformann stjórnar.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.


Fundi slitið klukkan 09:00

Næsti fundur verður föstudaginn 20. september 2019.

320

Fylgiskjöl:


- Árshlutauppgjör SHS janúar-júní 2019, dags. 16. ágúst 2019.
- Könnunarskýrsla vegna 6 mánaða árhlutauppgjörs 2019, dags. 16. ágúst 2019.
- Ráðningarbref Grant Thornton um endurskoðun, dags. 1. júlí 2019.
- Bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar; Undirbúningur, vinnsla og skil fjárhagsáætlunar 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024, dags. 10. júlí 2019.
- Fasteignasalan Bær; Verðmat á Jafnaseli 1-3, dags. 15. júní 2019.
- Fasteignasalan Miklaborg; Verðmat á Jafnaseli 1-3, dags. 2. mars 2019.




Dagur B. Eggertsson




Ásgerður Halldórsdóttir



Haraldur Sverrisson



Gunnar Einarsson



Rósa Guðbjartsdóttir

